

Mánudaginn 14. janúar 1991.

Nr. 165/1989. **Guðrún Ágútsdóttir**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra og menntamálaráðherra
vegna ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Biðlaun. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1989. Hún krefst þess, að stefndu verði dæmdir til greiðslu biðlauna að fjárhæð 120.300 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 27% af 19.768 krónum frá 1. mars 1987 til 1. apríl s.á., 30% af 39.536 krónum frá þeim degi til 1. maí s.á., 30% af 59.304 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á., 33.6% af 79.636 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% af 99.968 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., en af 120.300 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að leggja megí áfallna dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1988, sbr. 12. gr. vaxtalaga. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefjast stefndu þess, að upphafstími vaxta miðist ekki við fyrra tímamark en þingfestingu málsins í héraði og að málskostnaður verði felldur niður.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var starf áfrýjanda sem fulltrúa við Hjúkrunarskóla Íslands lagt niður 1. mars 1987, eftir að skólinn hætti störfum. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins átti áfrýjandi rétt á biðlaunum í 6 mánuði, frá því að hún lét af starfi, þó með því skilyrði, að hún hefði ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Í málinu er upplýst, að í desember 1986 var áfrýjanda boðið starf við námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Áfrýjandi

heldur því fram, að hún hafi hafnað starfinu vegna þess, að hún hafi talið, að um væri að ræða annað og ábyrgðarminna starf en hún hafði áður gegnt. Ingibjörg R. Magnúsdóttir námsbrautarstjóri hefur borið fyrir dómi, að starf það, sem hún bauð áfrýjanda, hafi í raun ekki verið til. Þetta hafi verið nýtt starf og ómótað og erfitt að sjá, hvernig starfið yrði í framtíðinni. Á þessum tíma var aðeins eitt skrifstofustarf við námsbrautina, og var það ritarastarf. Í málinu er fram komið, að starf þessa ritara var ekki sambærilegt við fulltrúastarf áfrýjanda. Áfrýjanda var kunnugt um, að sú, sem gegndi ritarastarfinu, vildi losna úr því. Það var einnig skilningur Þórunnar Stefánsdóttur, er hafði starfað sem fulltrúi við Hjúkrunarskólann með áfrýjanda. Þótt líkur hafi verið leiddar að því, að starf það, sem áfrýjanda var boðið, hafi seinna þróast í starf fulltrúa eða deildarfulltrúa, sem er fyllilega sambærilegt við fyrra starf áfrýjanda, þá er ekki unnt við það að miða, heldur verður að líta til þess, hvernig málið horfði við á þeim tíma, sem áfrýjanda var boðið starfið. Verður að telja ósannað, að stefndu hafi boðið áfrýjanda sambærilegt starf, og gat áfrýjandi hafnað því án þess að missa rétt sinn til biðlauna. Samkvæmt framansögðu er krafa áfrýjanda tekin til greina með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en ekki er ágreiningur um höfuðstól kröfunnar, eins og hún er nú gerð.

Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Ágústsdóttur, 120.300 krónur með 27% ársvöxtum af 19.768 krónum frá 1. mars 1987 til 1. apríl s.á., 30% ársvöxtum af 39.536 krónum frá þeim degi til 1. maí s.á., af 59.304 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á., 33.6% ársvöxtum af 79.636 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvöxtum af 99.968 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., en af 120.300 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. febrúar 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem þingfest var 14. apríl 1988, af Guðrúnu Ágústsdóttur, nnr. 3214-0041, Ártúnsbletti 2, Reykjavík, á hendur þáverandi menntamálaráðherra, Birgi Ísleifi Gunnarssyni, nnr. 1120-4503, með starfsstöð í menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 4-6, Reykjavík, og þáverandi fjármálaráðherra, Jóni Baldvin Hannibalssyni, nnr. 5141-5450, með starfsstöð í Arnarhváli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs.

Við uppkvaðningu dóms er menntamálaráðherra Svavar Gestsson og fjármálaráðherra Ólafur Ragnar Grímsson.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu biðlauna, að fjárhæð kr. 134.234, auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta].

— — —

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara krefjast stefndu lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn fulltrúi við Hjúkrunarskóla Íslands, sem hafi verið ríkisstofnun undir stjórn menntamálaráðherra, með skriflegum ráðningarsamningi, dags. 5.10. 1978. Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 30.10. 1986, hafi stefnanda verið tilkynnt, að starf sitt yrði lagt niður frá og með 1. janúar og hún yrði leyst frá störfum frá og með sama tíma. Kveðst stefnandi hafa mótttekið bréf þetta í byrjun nóvember 1986.

Stefnandi kveður Ingibjörgu R. Magnúsdóttur, námsbrautarstjóra í hjúkrunarfræði, hafa haft samband við sig skömmu fyrir júl 1986 og boðið sér ritarastarf við námsbraut í hjúkrunarfræði, þ.e., að hún yrði starfsmaður Háskóla Íslands. Stefnandi kveðst hafa afþakkað þetta starf, enda kveðst hún hafa talið, að í boði væri bæði einfaldara og ábyrgðarminnna starf en hún hafði áður gegnt.

Stefnandi kveðst byggja á því, að staða sín hjá ríkinu hafi verið lögð niður, og beri sér því föst laun, er starfanum fylgdu, í 6 mánuði, frá því að hún lét af störfum, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Þá er á því byggt, að henni hafi verið boðið ritarastarf við námsbraut í hjúkrunarfræði, en það starf hafi ekki verið sambærilegt þeirri fulltrúastöðu, sem hún hafði við Hjúkrunarskóla Íslands. Þar sem staða sú, er henni hafi verið boðin, hafi ekki verið sambærileg þeirri, er hún gegndi á vegum ríkisins, hafi hún ekki misst rétt sinn til biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að þeir hafi boðið sambærilega stöðu. Starf ritara hafi verið fólgið í því að vélrita eftir handriti, en starf sitt í Hjúkrunarskóla Íslands kveður hún hafa verið mjög sjálfstætt, og hafi hún þar m.a. séð um launaútreikninga og tilkynningar allra starfsmanna, útreikninga og innfærslur einkunna í prófbók skólans og frágang prófskírteina, séð um uppgjör sjóða skólans, unnið við fjárhagsáætlunargerð, séð um að útfylla ýmiss konar pappíra fyrir hjúkrunarfræðinga vegna framhaldsnáms eða starfa erlendis o.s.frv. Legið hafi fyrir, að í námsbrautinni sæju aðrir aðilar um þessa þætti. Þá hafi ekki verið ljóst, hver launakjör fylgdu hinu nýja starfi. Hafi sér verið bent á að tala við Herbert Haraldsson hjá Háskóla Íslands. Hann hafi ekki getað gefið nákvæmar upplýsingar um, hvaða launaflokkur yrði greitt eftir, en talið líklegt, að um svipuð laun yrði að ræða og þau, er hún hafi haft í Hjúkrunarskóla Íslands.

Stefnandi heldur því fram, að ekki sé nægilegt, að starf sé jafnvel launað og annað starf til þess að teljast sambærilegt. Þar verði að koma til önnur atriði einnig, eins og ábyrgð, verkefni, starfsumhverfi o.fl. Réttur ríkisstarfsmanna til biðlauna skv. 14. gr. l. 38/1954 myndi vera þrengdur óhæfilega, ef biðlaunarétturinn félli niður við þær aðstæður, sem séu til staðar í þessu máli.

Fjárhæð dómkröfunnar kveður stefnandi vera skv. útreikningi stéttarfélags síns. Endanleg dómkrafa sé miðuð við, að starf stefnanda við Hjúkrunarskóla Íslands hafi verið lagt niður 1. mars 1987. Stefnandi hafi gegnt 50% starfi. Vaxtakrafa sé miðuð við, að biðlaun hefðu komið til greiðslu mánaðarlega fyrir fram og orlof við lok biðlaunaréttar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi hafi afþakkað stöðu þá, er henni hafi verið boðin við námsbraut í hjúkrunarfræði í byrjun janúar 1987, eftir að hafa tekið sér tíma til umhugsunar. Hafi hún borið við önnur, en ekkert hafi komið fram þá um þá afstöðu stefnanda, að hún teldi hina nýju stöðu ósambærilega þeirri stöðu, sem hún áður gegndi. Stefnandi hafi verið á launum sem fulltrúi við Hjúkrunarskóla Íslands til 28.2. 1987.

Stefndu byggja á því, að með 14. gr. l. nr. 38/1954 hafi verið lögfest

sú regla, að sé staða ríkisstarfsmanns lögð niður, skuli starfsmaður jafnan fá greidd föst laun, er starfinu fylgdu, ýmist í 6 eða 12 mánuði. Þó sé það skilyrði sett fyrir þessum launagreiðslum, — biðlaunum —, að starfsmaðurinn hafi ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Ríkisstarfsmanni sé skv. þessu skylt að hlíta flutningi í sambærilega stöðu á vegum ríkisins, sé staða hans lögð niður. Vilji hann það ekki, eigi hann þess að sjálfsögðu kost að hætta störfum fyrir ríkið, en þá án biðlauna. Stefndu halda því fram, að það starf, er stefnanda var boðið, hljóti að teljast sambærilegt við það starf, sem lagt hafi verið niður, í merkingu laga nr. 38/1954, og eigi því niðurlagsákvæði 1. mgr. 14. gr. þeirra laga hér við. Er meta skuli, hvort eitt starf teljist sambærilegt öðru starfi, skuli ekki eingöngu litið til launa, heldur einnig viðfangsefnis og virðingar. Fjalla stefndu nánar um hvert þessara þriggja atriða:

a) Að því er varði laun, telja stefndu fullljóst með vísan til dóm-skjala, að ekki yrði um neina tekjuskurðingu að ræða við flutning yfir í stöðu fulltrúa við Háskóla Íslands. Stefnanda hafi hlotið að vera það ljóst eða mátt vera það ljóst, að um sömu laun yrði að ræða. Launaþátturinn varði miklu við mat á því, hvort tvær stöður eru sambærilegar eða ekki, þar sem einungis sé hægt að meta þann þátt hlutlægt að öllu leyti.

b) Í annan stað telja stefndu, að viðfangsefnin í þessum tveim stöðum séu sambærileg og jafnvel þau sömu að verulegu leyti. Viðfangsefnin þurfi þó ekki að vera þau sömu, enda geri 1. mgr. 14. gr. in fine aðeins kröfu um, að starf sé sambærilegt. Við starfslýsingu stefnanda gera stefndu þá athugasemd, að launaútreikninga annist launadeild fjármálaráðuneytisins. Starf stefnanda hafi því væntanlega falist í því að taka saman vinnutíma starfsmanna og senda tilkynningar til launadeildarinnar. Að þessu leyti gildi hér hið sama og almennt gildi um samskipti ríkisstofnana við launadeild fjármálaráðuneytisins. Telja stefndu, að vinna stefnanda hafi falist í almennum skrifstofustörfum, sem séu sambærileg í flestum skólum á framhalds- og háskólastigi. Þeirri fullyrðingu er mótmælt, að stefnanda hafi verið boðið starf við Háskóla Íslands, er hafi verið fólgið í vélritun eftir handriti. Svo sem sjáist af dóm skjölum, hafi starf þetta verið í meginatriðum hliðstætt fyrri starfi. Undir það hafi virst falla hvers kyns almenn skrifstofustörf, og krafist hafi verið þekkingar, sjálfstæðis og vandvirkni í þessu starfi, og í því hafi verið fólgin fjölbreytt viðfangsefni. Af þessu leiði, að telja megi störf fulltrúa við Hjúkrunarskóla Íslands og störf fulltrúa við námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands sambærileg. Stefndu mótmæla þeirri skoðun, sem komið hafi fram af hálfu stefnanda, að starfið við Háskóla Íslands hafi í raun verið einfaldara og ábyrgðarminna en starf hennar við Hjúkrunarskóla Íslands. Telja stefndu, að sé sambærilegt starf

boðið fram, þá ráði það úrslitum, en ekki persónulegt mat starfsmanns á því, hvort nýja starfið sé áhugavert.

c) Að lokum telja stefndu, að að því er varði þá virðingu, er starfanum fylgdi, þá verði ekki séð, að stefnanda hefði orðið minnkun gerð við að þiggja stöðu þá, sem boðist hafi við Háskóla Íslands, þvert á móti. Fulltrúi á skrifstofu námsbrautar í hjúkrunarfræði sé næsti yfirmaður ritara. Alls ósannað sé, hvort stefnandi hafi talist yfirmaður á skrifstofu Hjúkrunar-skóla Íslands.

Stefndu telja, að þegar öll þau atriði séu virt í heild sinni, sem hér hafi verið reifuð, geti niðurstaðan ekki orðið önnur en sú, að stöðurnar tvær séu sambærilegar í merkingu laga nr. 38/1954. Staðan við Háskóla Íslands sé nefnd fulltrúastaða, en ekki ritarastaða.

Að dómi stefndu hafi stefnandi hafnað sambærilegri fulltrúastöðu við Háskóla Íslands sökum anna. Ekkert sé fram komið í sóknargögnum, sem hnekki þeirri fullyrðingu. Stefnandi taki mikinn þátt í félagsmálum og eigi m.a. sæti í borgarstjórn Reykjavíkur. Einnig hafi stefnandi hugað á nokkurra mánaða utanlandsferð. Stefnandi hafi ekki lýst því yfir á þeim tíma, að hún teldi hið nýja starf ósambærilegt fyrra starfi sínu, en stefnandi hafi þó tekið sér tíma til umhugsunar, áður en hún tók ákvörðun.

Stefnandi haldi því fram í greinargerð sinni, að stefndu beri sönnunar-byrði fyrir því, að henni hafi verið boðin sambærileg staða. Stefndu telji, að hvað sem þeirri staðhæfingu liði, sé sönnun um það fram komin með þeim gögnum, sem lögð hafi verið fram í málinu. Eins og málið liggi fyrir, telji stefndu stefnanda bera alla sönnun fyrir því, að stöðurnar hafi verið ósambærilegar.

Varakröfu sína byggja stefndu á því, að vegna tómlætis stefnanda og óútskýrðs dráttar á málshöfðun sé þess krafist, að upphafstími vaxta miðist ekki við fyrra tímamark en þingfestingu málsins.

Verði ekki á það fallist, séu ekki gerðar athugasemdir við þann vaxtafót, sem stefnandi áskilji sér fram til þingfestingardags. Eftir það beri að miða við dráttarvexti, svo sem þeir séu ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 14. og 10. gr. laga nr. 25/1987.

Niðurstaða.

Stefnandi gegndi fulltrúastöðu við Hjúkrunar-skóla Íslands, þegar sú kennslustofnun var lögð niður. Var stefnandi einn þeirra starfsmanna, sem vann allt til loka við stofnunina. Niðurlagning skólans og stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands átti sér nokkurn aðdraganda.

Stöður fulltrúa við framhaldsskóla eru hliðstæðar frá einni stofnun til annarrar að því leyti, að í þeim öllum þarf að leysa svipuð verkefni. Þetta er staðfest með vitnisburði Sigrúnar B. Ásgeirsdóttur, deildarstjóra í launa-

deild ríkisins, og Stefáns Ólafs Jónssonar, deildarstjóra í verk- og tækni-menntunardeild menntamálaráðuneytisins. Störf skólafulltrúa eru hins vegar ólík að umfangi eftir stærð hvernar skólastofnunar um sig. Fulltrúum við framhaldsskóla hefur verið raðað í nokkra launaflokka. Samkvæmt vitnisburði Sigrúnar Ásgeirsdóttur miðast sú röðun eingöngu við stærð skólanna. Var stefnandi í miðhópi, að því er laun varðaði. Ljóst er, að framhaldsskólar landsins eru þrátt fyrir þetta ólíkir vinnustaðir, og ræður því t.d. starfsaðstaða, staðsetning og samstarfsmenn. Á sama hátt getur ytri starfsaðstaða tekið breytingum frá einum tíma til annars. Þegar metið er, hvort um sambærilegt starf er að ræða í skilningi 14. gr. laga 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, myndu slíkir persónulegir þættir vart verða metnir, en eitt fulltrúastarf vera talið sambærilegt öðru við hliðstæða menntastofnun. Við úrlausn þeirrar deilu, er hér er til umfjöllunar, þykir því verða að meta starf stefnanda í ljósi þessarar heildarflokkunar starfsgreinarinnar, frekar en að vegnir verði einstakir verkþættir, sem hún sinni.

Af gögnum málsins og vætti vitna þykir vera sannað, að unnið hafi verið að því að fá öll stöðugildi Hjúkrunarskóla Íslands flutt yfir til Háskóla Íslands. Af gögnum málsins má sjá, að lokaskrefið hefur verið stigið í janúar 1987. Hinn 26. janúar staðfestir ráðninganefnd ríkisins 9,5 stöðuheimildir fluttar af Hjúkrunarskóla Íslands, þar af er einu stöðugildi fulltrúa og tveimur stöðugildum skrifstofumanna ráðstafað til námsbrautar í hjúkrunarfræði. Þessi staðfesting var gerð vegna beiðni menntamálaráðuneytisins að beiðni Háskóla Íslands, báðar dagsettar 7. janúar 1987.

Telja verður stöðu fulltrúa við námsbraut við Háskóla Íslands sambærilega fulltrúastöðu við framhaldsskóla, að því er verkefni varðar, þótt ekki séu allir verkþættir hinir sömu, m.a. af þeirri ástæðu, að sum störf, sem unnin eru í hinum einstöku framhaldsskólum, eru unnin af aðalskrifstofu Háskólans fyrir allar deildir hans sameiginlega. Ekki verður það talinn álitshnekki að færast til Háskóla Íslands af framhaldsskólastigi, enda benda skjöl málsins ekki til þess, að minni ábyrgð eða sjálfstæði fylgi almennt fulltrúastöðu þar en almennt í framhaldsskólum. Upplýst er, að laun hefðu hækkað um a.m.k. einn flokk.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnanda hafi verið boðið fulltrúastarf við námsbraut í hjúkrunarfræði. Það, að eigi hafði verið endanlega gengið frá stöðuheimild, er starfstilboð var sett fram, þykir ekki koma í veg fyrir, að um gilt starfstilboð hafi verið að ræða. Upplýst er, að menntamálaráðuneytið vann að því, að starf stefnanda yrði flutt yfir til Háskóla Íslands sem og önnur störf hjá Hjúkrunarskóla Íslands. Óumdeilt er, að Ingibjörg R. Magnúsdóttir námsbrautarstjóri bauð stefnanda munnlega starf við námsbrautina. Hins vegar er ágreiningur um það, hvaða starf

var boðið. Ingibjörg R. Magnúsdóttir kvaðst í framburði sínum fyrir dómi gegna að aðalstarfi stöðu deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, en hafa farið með starf námsbrautarstjóra í hjúkrunarfræði að auki. Kvað hún starf námsbrautarstjóra vera tímabundið starf, á meðan námsbrautin væri að komast á legg, og hefði núverandi deildarfulltrúi þegar yfirtekið nokkuð af þeim störfum, er námsbrautarstjóri sinni. Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram, að hún taldi, að verið væri að bjóða sér ritarastarf, en einn ritari var þá í bráðabirgðastarfi hjá námsbrautinni án stöðuheimildar. Stefnandi vildi þó ekki fullyrða, hvaða starfsheiti var nefnt. Stefnandi kvað rétt, að talað hefði verið um, að starfið ætti eftir að þróast, sérstaklega í sambandi við það, að Ingibjörg hætti sem námsbrautarstjóri. Hvenær og hvernig, hafi hins vegar verið óljóst. Þykir ofangreindur framburður stefnanda að þessu leyti styrkja þá fullyrðingu stefndu og Ingibjargar R. Magnúsdóttur, að stefnanda hafi verið boðið fulltrúastarf við námsbrautina. Eðli málsins samkvæmt hlaut það starf að vera ómótað á þeirri stundu. Hafi stefnandi hafnað slíku starfi, telst hún hafa hafnað annarri sambærilegri stöðu, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi byggir á því, að sér hafi verið boðið ritarastarf. Telja verður, að slíkt starfstilboð hefði ekki fullnægt ákvæðum 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um sambærilegt starf. Líkur hafa hins vegar verið að því leiddar, að ætlun ráðamanna hafi verið að bjóða stefnanda fulltrúastarf og að starf það, sem henni var boðið, hafi verið fulltrúastarf. Stefnandi þykir hafa mátt vænta þess fyrir fram, að sér yrði boðið fulltrúastarf, þar sem það hlýtur að teljast hið eðlilega við umræddar aðstæður. Hafi hún eigi að síður skilið tilboðið svo, að um annað og lægra starf væri að ræða, og þar sem umtalsverðir hagsmunir voru í húfi fyrir hana, verður stefnandi að bera hallann af því að hafa ekki aflað sér órækra sannana fyrir því, að ritarastarf væri boðið, enda hefði hún átt hægt með að afla þeirra þá, ef þessi var í raun staða mála, en fá ella leiðréttingu sinna mála.

Af þessum ástæðum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Þar eð komast hefði mátt hjá þeirri réttaróvissu, er leiddi til þessa dómsmáls, með formfestu við gerð starfstilboðs til stefnanda og starfslok hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1954, þykir rétt með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Guðrúnar Ágústsdóttur. Málskostnaður fellur niður.